



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 3. júní 2015

1505042SA KB/km

Málalykill: 391

### Efni: Skógræktarfélag Íslands - gróðursetning

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 29. maí 2015 var lagt fram meðfylgjandi bréf Skógræktarfélags Íslands, mótt. 22. maí 2015, varðandi fyrirhugaða gróðursetningu skógræktarfélaganna og sveitarfélaganna, laugardaginn 27. júní næstkomandi, í tilefni að 35 ár eru frá því að Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands.

Eftirfarandi samþykkt var gerð samhljóða:

*„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur öll sveitarfélög til að standa sameiginlega með skógræktarfélögum landsins að gróðursetningu trjáplantna laugardaginn 27. júní nk. til heiðurs Vigdísí Finnbogadóttur í tilefni þess að 35 ár eru liðin frá því að hún var kjörin í embætti forseta Íslands, fyrst kvenna í heiminum sem þjóðkjörinn forseti.“*

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

THE ICELANDIC FORESTRY ASSOCIATION

ÞÓRUNNARTÚNI 6, 105 REYKJAVÍK

SÍMI 551 8150 - NETFANG [skog@skog.is](mailto:skog@skog.is)

## Ágætu Skógræktarfélög

Helgina 27.- 28. júní nk. er fyrirhugað að halda upp á þau tímamót að 35 ár eru frá því að Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands, en Vigdís var jafnframt fyrsta konan í heiminum til að verða þjóðkjörin forseti. Af því tilefni hafa ýmiss félagasamtök og stofnanir lagt á ráðin og efna til hátíðardagskrá sunnudaginn 28. júní .

Í tengslum við þessi merku tímamót hefur verið rætt um aðkomu skógræktarfélaganna og er niðurstaðan sú að félögin, ásamt sveitarfélögum um land allt, standi saman að gróðursetningu laugardaginn 27. júní n.k.

Fyrirhugað er að gróðursetja þrjár trjáplöntur á hverjum stað líkt og Vigdís gerði með táknrænum hætti í forsetatíð sinni. Trjáplönturnar verða væntanlega allar af stofni Emblubirkis og stærð trjánna um 1.5 – 1.8 m á hæð , en af þeim stofni vaxa föngulega tré. Undirbúningur allur þarf að vera til fyrirmynnar sem og að umönnun plantna verði unnin af aluð. **Gert er ráð fyrir að Skógræktarfélög Íslands útvegi allar trjáplöntur og sendi til viðkomandi félags í tæka tíð.**

Skógræktarfélögin eru hvött til þess, í samvinnu við sveitarfélög á hverju svæði, að velja hentugt svæði til gróðursetningar. Athöfnin verði svo framkvæmd þannig að öllum sé sómi af.

Gróðursetning fari þannig fram að meðal þátttakenda verði piltur og stúlka og skulu þau eiga hlutdeild í gróðursetningunni ásamt fulltrúa sem skógræktarfélög og sveitarfélög komi sér saman um.

Með þessu bréfi er óskað eftir þátttöku skógræktarfélaganna í þessu ágæta verkefni. Formenn skógræktarfélaga sem með deildarskiptingu og fleiri en einu sveitarfélagi eru vinsamlegast beðnir um að virkja sitt fólk. Samband



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

THE ICELANDIC FORESTRY ASSOCIATION

ÞÓRUNNARTÚNI 6, 105 REYKJAVÍK

SÍMI 551 8150 - NETFANG [skog@skog.is](mailto:skog@skog.is)

Íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarfélögin í landinu til að taka þátt í verkefninu og gerum við ráð fyrir að þar verði þessu mætt með jákvæðu hugarfari.

Þar sem fyrirvari er skammur er nauðsynlegt að fylgja þessu erindi gagnvart sveitarfélögunum eftir sem allra fyrst m.a. ákvarða staðsetningu, tímasetningu og annað er varðar undirbúning. Til að auðvelda utanumhald eruð þið vinsamlegast beðin að svara erindi þessu með tölvupósti.

Í næstu viku verður einnig haft samband við öll skógræktarfélög og erindinu fylgt eftir.

Með skógræktarkveðjum

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA	
Mál nr.	1505 0425A
Móttekið dags.	22. MAI 2015
Bréfalykils nr.	391